

HÚNABYGGÐ

AÐALSKIPULAG HÚNAVATNSHREPPS 2012-2022

BREYTING VEGNA BLÖNDULÍNU 3



SKIPULAGSLÝSING

LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI

SAMKVÆMT 30. GREIN SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

10.06.2024

UNNIÐ FYRIR HÚNABYGGÐ



1 Viðfangsefni, aðdragandi og tilgangur

Landsnet hefur óskað eftir því að gerð verði breyting á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2012 - 2022 vegna Blöndulínu 3. Um er að ræða 220 kV loftlínu sem liggur um Húnabyggð á um 18 km löngum kafla frá Blöndustöð austur í Skagafjörð um Kiðaskarð niður í Mælifellsdal.

Landsnet hefur þegar unnið umhverfismatsskýrslu vegna Blöndulínu 3 og lagt hana fram samkvæmt 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Umhverfismatsferli Blöndulínu 3 lauk með áliti Skipulagsstofnunar 9. desember 2022. Samkvæmt því er fallist á að aðalvalkostur Landsnets verði loftlína og fari samkvæmt valkosti A1 um Húnabyggð.

Eftir að umhverfismati lauk hófust viðræður við landeigendur á línuleiðinni samfara verkhönnun línunnar. Niðurstaðan var að breyta legu lítilla til norðurs miðað við umhverfismat þar sem horft er til jákvæðra breytinga m.t.t. ásýndar og reksturs línunnar á um 4,6 km löngum kafla. Línan kemur þá til með að liggja um skarð á milli Kárahnjúks og suðurenda Þrándarhlíðarfjalls. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 29. nóvember 2023 taldi stofnunin að þessi breyting væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og væri því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Eftirfarandi bókun varð gerð á fundi skipulags- og byggingarnefndar Húnabyggðar 3. apríl 2024 og svo staðfest á fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar 9. apríl 2024:

Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að farið verði í breytingar á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 vegna legu Blöndulínu 3.

Þessi lýsing er unnin skv. skipulagslögum nr. 123/2010 þar sem segir að við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar, aðalskipulagsbreytingar í þessu tilfalli, skal taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

2 Staðhættir

Áformað er að Blöndulína 3 liggi í suður frá Blöndustöð og þveri Blöndudal sunnan Bollastaða og Eiðsstaða. Þaðan liggur hún austur yfir Steinárháls, sem er 400-500 m há heiði, áður en hún þverar Svartárdal sunnan við Kúfustaði. Austan Svartárdals liggur leiðin upp á hálendi sem er í rúmlega 500 m hæð, í gegnum skarð norðan við Kárahnjúk og áfram austur í Kiðaskarð að sveitarfélagmörkum Húnabyggðar og Skagafjarðar



Mynd 1. Ilega Blöndulínu 3 frá Blöndustöð að sveitarfélagamörkum, ljósbláa línan táknar þá breytingu sem varð á legu línunnar eftir samráð við hagsmunaaðila.

3 Skipulagsleg staða – aðalskipulag

Hér á eftir er umfjöllun úr gildandi aðalskipulagi hvað varðar þau svæði sem áformuð breyting á aðalskipulagi nær til. Nánari umfjöllun er að finna í greinargerð aðalskipulagsins.

Veitur

Í greinargerð gildandi aðalskipulags er gert ráð fyrir lagningu Blöndulínu 3. Þar kemur eftirfarandi m.a. fram í kafla 3.4.7 Rafveita:

Heiti	Lýsing
Blöndulína 3	Línan mun liggja yfir Blöndudal milli Eyvindarstaða og Bollastaða, og þaðan upp á hálsinn milli Blöndudals og Svartárdals og út hálsinn að Torfustöðum. Farið er yfir Svartárdal utan við Torfustaði, í stefnu syðst í Vatnsskarð að sveitarfélagamörkum Skagafjarðar hjá Valabjörgum

Iðnaðarsvæði


Um iðnaðarsvæði í tengslum við Blöndulínu 3 segir í kafla 3.1.5 Iðnaðarsvæði:

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
12	Blönduvirkjun	Á svæðinu er virkjun og tengd mannvirki í samræmi við deiliskipulag. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður. Stærð svæðis 21 ha	Eiðsstaðir

Opin svæði til sérstakra nota

Blöndulína 3 nær yfir skilgreint opið svæði, Blönduvirkjun, sem hugsað er til uppgræðslu. Í kafla 3.2.2 segir:

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
09	Blönduvirkjun	Uppgræðslusvæði. Stærð svæðis 390 ha.	Eiðsstaðir




Mynd 2. Hluti uppdráttar úr Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010 - 2022. Svört heil lína sýnir fyrirhugaða legu Blöndulínu 3 í gildandi aðalskipulagi.

Breyting á aðalskipulagi

Breyting á aðalskipulagi mun felast í eftirfarandi:

- Felld er út lega Blöndulínu 3 og ný lega mörkuð á uppdrátt
- Lýsing á lagnaleið línunnar er breytt í samræmi við umhverfismatskýrslu
- Sett eru inn fjögur ný efnistökusvæði

Mynd 3 hér að neðan er tekin úr umhverfismatsskýrslu sem unnin var í aðdraganda skipulagsbreytingarinnar. Þar eru sýndar þær línuleiðir sem metnar voru og möguleg efnistökusvæði. Við valkost A1, sem varð fyrir valinu eftir kynningu umhverfismatsskýrslu, er áætlað að efni verði tekið úr eftirfarandi svæðum skv. mynd: BAN-01, BAN-102 (E 18), KS-1, KS-2, KS-3, E-41. Nánari lýsing er að finna í töflu 1 hér að neðan.



Mynd 3. Staðsetning efnistökusvæða eins og þau eru birt í

Náma	Nafn og staður	Flatar-mál (ha)	Magnáætlun í þús. m ³	Jarðmyndun	Efnisgerð, áætlað vinnsludýpi	Athugasemdir
BAN-01	Bugur neðan Blöndu-stöðvar	2,3	57,5	Gamall tippur frá Blöndu-virkjun	Að mestu sprengt efni, efnið er líklega 0-500 mm, 2,5 m	Góður kostur.
BAN-102 (E18)	Kúfustaðanána, Svartárdalur	1,4	112	Berghlaup/skriðuefni	Blandað efni, það hefur verið tekið efni hérna áður	Getur verið varanáma.
KS-1	Kiðaskarð	0,6	42	Aurkeila	Möl 0-300 mm (500 mm), 1-20 m	Fín náma sem hefur verið tekið efni úr áður.
KS-2	Kiðaskarð	0,3	21	Aurkeila	Möl 0-300 mm (500 mm), 1-20 m	Gæti verið fýsileg.
KS-3	Kiðaskarð	0,5	25	Aurkeila	Möl 0-300 mm (500 mm), 1-20 m	Línan kemur niður skarðið ofan við námuna.
E-41	Bollastaðir	0,3	10	Jökulruðningur	Möl 0-300 mm (500 mm), 3 m	Er á aðalskipulagi, var ekki skoðuð.

Tafla 1. Lýsing á efnistökusvæðum eins og þau eru birt í umhverfismatskýrslu

4 Áhrifamat

Áformuð breyting á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010 - 2022 fellur undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem breytingin felur í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

Það sem umhverfismatsferli Blöndulínu 3 er lokið með álit Skipulagsstofnunar er ekki talin þörf á að meta umhverfisáhrif vegna breytingar á aðalskipulagi.

5 Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi breytingar á aðalskipulagi:

Júní 2024	Unnið að skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar vinnu við breytingu á aðalskipulagi. Eftir að skipulagslýsingin hefur verið afgreidd í skipulags- og byggingarnefnd og sveitarstjórn mun hún vera kynnt, auglýst og liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins og á heimasíðu sveitarfélagsins www.hunabyggd.is
Ágúst 2024	Unnið að tillögu að breytingu á aðalskipulagi í samstarfi við skipulags- og byggingarnefnd og aðra hagsmunaaðila. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi tekin fyrir á fundi skipulags- og byggingarnefndar og á fundi sveitarstjórnar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að gera athugasemdir.
Okt. – des. 2024	Tillaga að breytingu á aðalskipulagi í sex vikna lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli.
Janúar 2025	Tillaga að breytingu á aðalskipulagi tekin aftur fyrir á fundi skipulags- og byggingarnefndar ásamt mögulegum athugasemdum og umsögum sem borist hafa.
Febrúar 2025	Tillaga að breytingu á aðalskipulagi samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd og sveitarstjórn. Breyting á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að koma með athugasemdir. Geri Skipulagsstofnun ekki athugasemdir öðlast breyting á aðalskipulagi gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

6 Kynning og samráð

Í tengslum við vinnu við breytingu á aðalskipulagi verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir breytingu á aðalskipulagi.

Helstu samráðsaðilar:

- *Skipulagsstofnun*
 - *Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun við upphaf vinnu við breytingu á aðalskipulagi í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.*
- *Umhverfisstofnun*
- *Sveitarfélagið Skagafjörður*
- *Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra*
- *Landsnet*
- *Minjastofnun Íslands*
- *Náttúrufræðistofa Íslands*
- *Nefndir Húnabyggðar*
- *Veitur Húnabyggðar*
- *Rarik*
- *Orkustofnun*
- *Veðurstofa Íslands*
- *Vegagerðin*
- *Land og skógur*

Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum innan skipulagssvæðisins í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins og vera aðgengileg á heimasíðu Húnabyggðar: www.hunabyggd.is